

# Uppbyggingasamningur

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Golfklúbbur Ísafjarðar (hér eftir „GÍ“), kt. 500981-0169, gera með sér svofelldan samning uppbyggingu á golfvelli í Tungudal á árinu 2018.

## 1. gr.

Aðilar eru sammála um að GÍ haldi áfram framkvæmdum við uppbyggingu á golfvelli í Tungudal. Þau verkefni sem farið verður í á árinu 2018 eru:

Framkvæmda- og kostnaðaræætlun vegna uppbyggingar golfvallar í Tungudal 2018				
Verkþættir	Efni	Vélavinna	Vinna	Samtals
2. braut				
Lagfæra bleytusvæði á brautinni	20.000	80.000	120.000	220.000
Lagfæra blaytusvæði nálægt 100m hæl	50.000	250.000	30.000	330.000
Grafá upp og gera tjörn vinstra megin á braut	20.000	80.000	60.000	160.000
3. braut				
Búa til glompu	50.000	25.000	45.000	120000
4. braut				
Stækk anýjan teig	600.000	260.000	300.000	1.160.000
Tyrfa fyrir aftan gamla rauða teiginn	40.000		60.000	100.000
7. braut				
Loka skurði við göngustíg	140.000	180.000	240.000	560.000
Lagfæra rauða teiginn	25.000	15.000	24.000	64.000
8. braut				
Byggja upp gula teiginn	38.000	30.000	120.000	188.000
Búa til nýjan rauðan teig fyrir framan skurð	28.000	35.000	60.000	123.000
Byggja upp nýja flöt fyrir utan og ofan núverandi flöt	2.500.000	1.500.000	900.000	4.900.000
Móta svæðið umhverfis nýju flötina		260.000	180.000	440.000
Fjarlægja tjörn, lagfæra svæði og búa til nýja braut á flöt		1.300.000	1.080.000	2.380.000
9. braut				
Búa til nýjan gulan teig	38.000	30.000	120.000	188.000
Lagfæra bleytusvæði á brautinni	40.000	90.000	75.000	205.000
Setja tvær glommur fyrir aftan flötina	40.000	45.000	90.000	175.000
Samtals	3.629.000	4.180.000	3.504.000	11.313.000

GÍ áætlar að heildarkostnaður við framkvæmdirnar sé að fjárhæð kr. 11.313.000. Af þeirri upphæð er efnisskostnaður kr. 3.629.000, vélavinna kr. 4.180.000 og vinna kr. 3.504.000.

## 2. gr.

GÍ sér til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur. GÍ ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdum skv. þessum samningi.

### 3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir efniskostnað kr. 3.000.000 við verklok. Verklok skulu vera tilkynnt í síðasta lagi 1. desember 2018 með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest að framlag GÍ til verkefnisins sé fullnægjandi fer greiðsla fram.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verður ekkert af greiðslum Ísafjarðarbæjar samkvæmt samningi þessum. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og greiðslur ekki inntar af hendi Ísafjarðarbæjar.

### 4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sjá um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður GÍ vegna samnings þessa er Kristinn Þórir Kristjánsson og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.

### 5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, \_\_\_\_\_ 2018

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Golfklúbbs Ísfirðinga

\_\_\_\_\_  
Gísli Halldór Halldórsson

\_\_\_\_\_  
Kristinn Þórir Kristjánsson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

\_\_\_\_\_  
Nafn Kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn Kennitala